

Ed.

39. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Á eftir staflað d. í 8. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

- e. Ef hann hefir atvinnu og fast aðsetur í hreppnum 4 mánuði eða lengur á árinu, en kaup hans nemur þó ekki 3000 krónum, skal hann þar greiða útsvar eftir efnahag sínum, nema hann á því ári hafi einnig haft fast aðsetur annarsstaðar og galdið þar útsvar; skal þá draga frá útsvarinu til-
tölulega við þann tíma, er hann dvaldi annarsstaðar.

Greinargerð.

Það hefir borið mjög á því í ýmsum hreppum, þar sem sveitarþyngsli eru mikil, að gjaldendur sumir hafa fengið sér „lögheimili“ í öðrum hreppum, þar sem útsvör eru lægri. Hafa þeir þó eftir sem áður dvalið og unnið nær allt árið í þeirri sveit, er þeir áður áttu heimili sitt í, en hreppsnefnd þeirrar sveitar hefir ekki séð sér fært að leggja á þá útsvar. Af þessum ástæðum hefir lamast gjaldgeta margra hinna fátækari en útsvarsháu hreppa, og virðist horfa til vand-
ræða, ef ekkert er að gert. Hefir þetta ágerzt mjög síðan útsvarslögin frá 1926 gengu í gildi og afnumin voru fyrirmæli laga nr. 29 19. júní 1922, en fyrsta máls-
grein þeirra laga hélt mönnum mjög í skefjum í umræddu atriði; fer frumvarp þetta í sömu átt og sú málsgrein.